

LÖG

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. másl. 5. gr. laganna orðast svo: Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að afla úr stofnum sem halda sig að hluta í efnahagslögsögu Íslands sé landað erlendis, enda sé eftirlit með löndun afla og vigtun hans talið fullnægjandi.

2. gr.

4. másl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð eða þyngd teljist aðeins að hluta með í aflamarki skal hann setja reglur um hvernig að frágangi hans um borð í veiðiskipi og vigtun skuli staðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.